



## Atvinna með stuðningi í Skagafirði (Ams).

Hjá Fjölskylduþjónustu sveitarfélagsins starfar fulltrúi Atvinnu með stuðningi, sem aðstoðar fólk með fötlun við að finna vinnu við sitt hæfi á almennum vinnumarkaði, sér um þjálfun á vinnustaðnum eins lengi og þurfa þykir og fylgir einstaklingnum eftir með reglubundnum heimsóknnum á vinnustaðinn.

Atvinnuráðgjafinn sér um gerð örorkuvinnusamninga milli Tryggingastofnunar ríkisins og viðkomandi vinnustaðar, sem gefur einstaklingum með skerta vinnugetu kost á launaðri vinnu samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir allt að 75% af launum og launatengdum gjöldum til baka til fyrirtækisins.

Nýlega kom til landsins írskur maður; frumkvöðull á sviði Atvinnu með stuðningi, Christy Lynch að nafni og er iðjuþjálfari að mennt.

Á ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík fjallaði hann m.a. um þær hugmyndir, að leggja niður verndaða vinnustaði fyrir fatlaða í núverandi mynd, en leggur áherslu á að fólk með fötlun fái tækifæri á almennum vinnumarkaði, þar sem starfsþjálfun fer alfarið fram, með stuðningi atvinnuráðgjafans.

Þessa leið í atvinnumálum fatlaðra þekkjum við nokkuð vel hér í Skagafirði, en nú eru á almennum vinnumarkaði sextán manns, auk þriggja sem enn eru í ólaunaðri starfsþjálfun. Þetta verður að kallast nokkuð gott hlutfall miðað við íbúafjölda í héraðinu, en betur má gera, því biðlisti eftir atvinnu er ekki tæmdur.

Á hinum almenna vinnumarkaði eru fjölmörg störf sem henta fólki með skerta vinnugetu, störf sem eru stundum nefnd “ósýnilegu störfin”, t.d. störf sem aðrir starfsmenn grípa í eftir þörfum og þegar þeir geta skotist frá sínum verkefnum.

Það er langt í frá að fatlaðir geti ekki unnið. Þeir eru oft ekki síðri starfskraftur en þeir sem telja sig heilbrigða. Og oftast er ekki afar samviskusamir og iðnir.

En algengt er að fatlaðir þurfi að berjast fyrir því sem öðrum þykir sjálfsagt, s.s. að fá vinnu. Er það ekki í raun brot á mannréttindum að vera sviptur þeim mikilvæga þætti í lífi hvers manns að hafa vinnu? Vinnan er ekki eingöngu leið til að afla sér fjár til framfærslu, heldur líka hluti sjálfsmyndar okkar og lífsfyllingar.

Gefum fötluðum svigrúm til að njóta þeirra lífsgæða sem þeir eiga skilið, t.a.m. með því, að veita þeim tækifæri til þátttöku á hinum almenna vinnumarkaði, setjum okkur í þeirra spor.

Fólk með fötlun hefur veikar og sterkar hliðar rétt eins og aðrir og brýnt er að styrkja enn frekar sterku hliðarnar.

Því miður örlar enn á fordómum og skilningsleysi gagnvart fötluðum í samfélaginu, sem leggur stein í götu þeirra í ýmissi mynd. Með aukinni fræðslu og opnum huga okkar allra, gefum við fötluðum tækifæri til að lifa lífinu á sem eðlilegastan hátt, sem að sjálfsögðu er samfélaginu í heild til góðs.

Tökum okkur tak, rýnum í eigin barm, hverjar eru óskir okkar og þrjár í lífinu ?